

**Pór Jakobsson:**

## **Varahlutir í Ferguson**

### ***Minningar frá unglingsárum***

Frá því er ég frétti um útkomu bókar Bjarna Guðmundssonar prófessors við Landbúnaðarháskóla Íslands, „... og svo kom Ferguson. Sögur um Ferguson dráttarvélarnar á Íslandi í máli og myndum“, (Uppheimar 2009), hef ég ætlað mér að hripa niður dálítið minningabrot um Ferguson frá unglingsárum mínum og færa Bjarna. Ég las bókina sem er í senn stórmerk og skemmtileg eins og höfundar er von og vísa en það var fyrst í mars á þessu ári (2012) sem úr því varð að við hjónin sæktum Bjarna heim á Hvanneyri og skoðuðum með honum landbúnaðarsafnið sem hann veitir forstöðu. Væri kapítuli út af fyrir sig að lýsa safninu en hér verður haldið sér við upprifjun á fornum kynnum af Ferguson.

Á safninu beindist athyglin að Fergusonvélunum sem þarna eru og fræddi Bjarni okkur gesti sína nánar um upphafsár dráttarvélanna á Íslandi. Ég hafði greint Bjarna frá sumarvinnu á skólaárum þegar ég vann hjá Dráttarvélum hf í Hafnarstræti 23 í Reykjavík og seldi varahluti í Ferguson. Bjarni hvatti mig til að rifja upp þennan skoplitla þátt minn í dráttarvélavæðingu þjóðarinnar og bundum við það fastmælum að ég skyldi senda honum pistil. Þetta er því bréf til hans en mér datt í hug að fleiri kynnu að hafa ánægju af frásögn minni og læt greinarkorn þetta því koma fyrir almenningssjónir.

### **Fjögur sumur í sveit**

Í ungdæmi mínu tíðkaðist að börn og unglingar ynnu ýmis konar vinnu á sumrin. Sumarleyfin voru löng og hvað mér viðvæk lærði ég margt og mikið á sumrin. Í rauninni var þetta annar skóli sem reyndist mér ómetanlegur undirbúningur að því að þroskast og verða um síðir fullorðinn þjóðfélagsþegn með áhuga á þjóðlífinu og margháttuðum þáttum samfélagsins. Sumarvinnan var margvísleg og ég kynntist atvinnuvegum sem ég að vísu vann ekki við síðar á lífsleiðinni en þóttist þekkja æ síðan af því ég hafði komið nærri þeim í uppvexti mínum.

Ég var þrjú sumur í sveit hjá Sigurði Högnasyni (1880-1960) og Þorgerði Erlingsdóttur (1889-1974) í Sólheimakoti í Mýrdal, fyrst Heklugosárið 1947. Ég var eini strákurinn á bænum og þóttist koma að gagni þar sem tíminn fór ekki í hangs eða leiki með öðrum krökkum. En ég undi mér „í fríum“ við minn gervibúskap á reit vestan undir hlöðunni með

hinn trygglynda Skóga litla frá Skógum, bæjarhundinn, snuðrandi í námunda við mig. Ég frétti síðar að ég hefði verið viljugasti snúningastrákur sem komið hefði við sögu í Sólheimakoti, enda léttur á fæti og áhugasamur um sveitastörfin.

Þetta var um miðja öldina og engar dráttarvélar komnar til sögunnar í Sólheimakoti. Erlingur Sigurðsson (1916-2000), sonur Sigurðar og Þorgerðar, sem þá var liðlega fertugur, vann fyrir bændur í sveitinni við að plægja jörðina á stórum International-traktor og naut fyrir bragðið mikillar virðingar hjá mér þakkinum. Þetta hefur verið mikil vinna til viðbótar við búskapinn með foreldrum sínum, slátt á engjum með orf og ljá að vopni og heyskapinn allan þessi rigningarsumur sem menn þurftu að sætta sig við þessi árin. Sláttuvélar og rakstrarvélar voru dregnar af dugnaðarklárinum á bænum, Mósu og Grána, en Glóa var ung og ólm og mótfallin því að draga vélarnar, blessunin. Fjórða árið í sveit var ég hjá ungum hjónum, Helga Finnbogasyni frá Hítardal (1916-1985) og konu hans Guðrúnu Karitas Pétursdóttur (1918-1970) á Gerðubergi í Eyjahreppi á sunnanverðu Snæfellsnesi. Þau höfðu byrjað búskap fyrir fáeinum árum og var þar enn minna af tækjum en í Sólheimakoti og engin dráttarvélin.

## Sendill út um borg og bí

Næsta sumar var ég sendill hjá Silla og Valda við Háteigsveg í Reykjavík. Verslunarstjóri var Kristján Páll Sigfússon (1921-2008) en hans hægri hönd í búðinni var kona hans Guðbjörg Lilja Guðmundsdóttir, hin mætustu hjón og góðir og skilningsríkir yfirmenn sendilsins. Ég hjólaði um allt nágrennið, Norðurmýri og Hlíðarnar og stundum víðar, jafnvel vestur í bæ, með vörur til viðskiptavina og kynntist mörgum. Eftirminnilegastur var góðhjartaður síðskeggjaður öldungur sem gaf mér alltaf rúsínur að launum fyrir að bera sér björg í bú. Ég held helst að hann hafi pantað rúsínur með hinum venjulegu nauðsynjavörum einungis til að gleðja sendilinn. Fyrir bragðið hef ég nú gleymt öllum viðskiptavinunum nema Ara gamla Arnalds (1872-1957), fyrrum sýslumanni, bæjarfógeta og þingmanni. Hefur mér síðan verið hlýtt til hans ágætu afkomenda sem ég hef kynnst allmörgum.

## Afgreiðslumaður í miðdepli bæjar

Er þá komið að sumrinu sem ég ætlaði að minnast hér sérstaklega á fáeinum orðum. Það mun hafa verið sumarið 1952 sem ég vann í varahlutaverslun Dráttarvéla hf í Hafnarstræti 23 í Reykjavík. Þetta var fyrsta sumarvinna mín innan dyra. Verslunarstjórinn var góður yfirmaður en því miður man ég nú hvorki nafnið á honum né pilti sem vann þarna líka, líklega 17-18 ára. Fór vel á með okkur öllum og man ég ekki eftir öðru en að samstarfið hafi gengið hnökralaust og þótti mér starfið skemmtilegt. Ég átti þá orðið heima í Hlíðunum, reiðhjólíð hinn lipri fararskjóti en líka var handhægt að hoppa upp í strætó á leið niður á Lækjartorg.

Viðskiptavinir voru einkum bændur og búalið, alúðlegir, málhressir margir og athyglisverðir. Þóttumst við oftast geta greitt sæmilega úr erindum þeirra. Röð af hillum,

sem gengt var á milli út í miðja búð, voru þarna með margvíslegum skrúfum, boltum og fyrirferðarlitlum varahlutum. Verslunarstjórinn tók að sér að leggja á ráðin ef kaupa þyrfti að utan. Innan seilingar voru þykkar handbækur með nöfnum á varahlutum, vörunúmerum og myndum og fletti maður upp í þeim af mikilli leikni er kúnna bar að garði. Kunni ég bráðlega þessa doðranta spjaldanna á milli eins og fyrirmyndarfermingarbarn kverið og man ég ekki eftir að hafa rekið í vörðurnar er ég þurfti að greiða úr spurningum bænda.

Meðal þess sem þarna var á boðstólum voru varahlutir í Fergusondráttarvélina sem farið hafði sigurför um landið allra síðustu árin, raunar eftir að ég hafði verið snúningastrákur í sveit sællar minningar. Fergusonhandbókina þóttist ég þekkja út í æsar, alla dálka með heitum, númerum og myndum. Þegar hér var komið sögu hafði ég þó aldrei séð Fergusondráttarvél í heilu lagi. Virtist það þó ekki koma að sök. Strákurinn var „sérfræðingur“ í líkamspörtunum án þess að hafa séð sjálfan líkamann.

## Kafkapáttur og sorgleg sjón

Tvö leið atvik en harla ólík sátu eftir í minni mínu eftir ánægjulegt sumar að öðru leyti. Einn góðan veðurdag var ég kallaður upp í Sambandshús þar sem ég hafði aldrei komið enda aldrei átt þangað erindi. Þar hófst óskiljanlegt leikrit eins og væri eftir Kafka sjálfan, mér var vísað frá einum yfirmanni til annars yfirmanns og heyrði óljóst tuldur um að eitthvað væri ekki nógu gott án þess að vera spurður eins né neins og var ég þegar á leið engu nær um hvað væri eiginlega um að vera. Að lokum var mér „sleppt“ og skundaði ég að svo búnu sem leið lá niður í búð til míns ágæta glaðlega yfirmanns þar og varahlutalífið hélt áfram sinn vanagang út sumarið.

Þarna uppi í Sambandshúsinu voru það eftir því sem ég man tveir náungar sem létu sig varða hin grafalvarlegu mál kringum stráksa, hét annar Hjalti Pálsson en hinn held ég Kristinn Gunnarsson. Runólfur Sæmundsson framkvæmdastjóri Dráttarvéla (síðar?) kom ekki við sögu. Ég frétti löngu seinna að Hjalti blessaður hefði séð eftir þessari skringilegu „yfirheyrslu“ en ég frétti aldrei af því sumarið mitt hjá Dráttarvélum hvað þeim hefði gengið til, ungum kerfismönnunum á framabraut í Sambandinu. Kannski var þetta æfing í að sýna veldi sitt. Líka datt mér í hug að einhverjum viðskiptavinanna hafi blöskrað og klagað mig, þegar hann komst að því að ég hefði aldrei séð Ferguson í heilu lagi.

Hitt atvikið er allt annars eðlis og öllu sárara í minningunni. Dráttarvélar hf voru í húsi í miðbænum, steinsnar frá Lækjartorgi – og Arnarhóli. Stórir gluggar sneru við umferðinni úti fyrir, iðandi mannlífínu og þegar lítð var að gera stóð maður gjarnan við gluggann og virti fyrir sér litrófið. Í þá daga var Lækjartorg og umhverfi að sönnu hjarta bæjarins. Mörgu brá fyrir, fólki á hraðferð ýmissa erinda í vinnunni, öðrum á hægagangi að heilsa til hægri og vinstri, ungum og gömlum, hrópandi blaðastrákum, embættismönnum í herklæðum sínum og fínum dömum í verslunarferð í bænum. Torgið var krökt af fólki og dagurinn fullur af atburðum stórum og smáum. Það var gaman að virða þetta fyrir sér þegar rólegt var í búðinni.

Í hina áttina frá mér að sjá var Arnarhóll þar sem Ingólfur Arnarson trónaði efst á hæðinni en undir bárujárnsvegg vestast (löngu fyrir daga Seðalbankabáknsins) greindi í óskemmtilegri sýn, bækistöðvar ofdrykkjumanna í Reykjavík. Yfirleitt héldu þeir sér þar um kring á daginn, utan alfaraleiðar, en það kom fyrir að stöku „róni“ ráfaði niður í Hafnarstræði. Einn daginn stóðum við félagar, ungu búðarstrákarnir, við stóran gluggann sem sneri út í ys bæjarlífsins og horfðum út. Vissi ég þá ekki fyrri til en móðursystir mín, ástkær systir móður minnar og til skamms tíma snar þáttur í fjölskyldusamskiptum samrýmdra systra og þar með í mínu stutta lífi, kom slangrandi illa til reika upp á gangstéttina rétt fyrir utan búðina, í rykugum og rifnum gráum kjól, þrútin og þjáð með skeinur í andliti, hvarf svo fyrir horn reikul í spori. Mér brá illilega og félagi minn hafði við glannaleg orð um hana sem hér verða ekki höfð eftir. Ég þagði um skyldleikaann. Frænka mín hafði verið fyrirmyndarhúsmóðir, móðir sex gjörvilegra barna sem þá voru flest vaxin úr grasi. Á fullorðinsaldri, nýorðin ekkja, varð hún Bakkusi að bráð og orðu örlög hennar og ömurlega líf um áratugi mikið áhyggju- og þjáningarefni nánustu fjölskyldu - þar til rofaði til síðustu ár ævinnar.

## Sumarmenntun og Ferguson

Slæ ég nú botninn í bréf mitt til Bjarna Guðmundssonar prófessors emeritus á Hvanneyri í von um að reynslusaga þessi af ungum afgreiðslumanni forðum tíð sé nokkurs virði. Sumarið mitt hjá Dráttarvélum hf við sölu á varahlutum í Ferguson var altént mér lærdómsríkt og bætti við þekkingu mína á vélum og uppbyggingu þeirra, gagnleg viðbót í fróðleikssarp uppvaxtaráranna.

En sumarið varð líka eftirminnilegt sökum þess að mér buðust á þessum vinnustað stúkuseti að fjölbreytilegum mannlífsleiknum úti fyrir glugga mitt í miðjum miðbæ höfuðstaðarins. Þar var hægt að skynja annríki, ys og þys og hjartslátt hins heilbrigða samfélags en líka verða vitni svo undan sveið að óhamingju þeirra sem misst höfðu fótanna og tökin á sjálfum sér.

Næsta sumar vann ég hjá tollstjóra, þá tók við brúarvinna í Biskupstungum og svo byggingarvinna í hinni ört vaxandi Reykjavík, en það er önnur saga. Öll þessi sumur mín samanlagt voru mér að sönnu skóli undir lífið og er ég nú lít yfir farinn veg þykist ég mega skipa Fergusonsumri mínu fyrir sex áratugum innarlega á bekk með því sem mótaði mig unglínginn á þroskabraut.

Á Sæmundardegi, 22. maí 2012  
Þór Jakobsson veðurfræðingur